



Skýrsla um banaslys í umferðinni
Faxabraut Akranesi 16. maí 2013
Málsnr. 2013 – U008



Faxabraut Akranesi 16.5.2013
Málsnr. 2013 - U008

Rannsóknir Rannsóknarnefndar samgönguslysa miða að því að leiða í ljós orsakir slyss til að koma í veg fyrir að sams konar slys verði aftur. Markmið nefndarinnar er ekki að skipta sök eða ábyrgð heldur stuðla að auknu öryggi í samgöngum sbr. lög um Rannsóknarnefnd samgönguslysa nr. 18/2013.

Faxabraut Akranesi 16. maí 2013

Útafakstur / Bifhjól

Látinn 51 ára karlmaður

Samantekt

Ökumaður bifhjóls ók hratt austur Faxabraut á Akranesi að degi til. Ökumaðurinn tók fram úr bifreið rétt áður en hann kom að hraðatakmarkandi koddum og samkvæmt vitnum, lenti hann utan í öðrum koddanum þegar hann reyndi að sveigja fram hjá honum rétt eftir framúraksturinn. Við það virðist hann hafa fípast við aksturinn og rétt áður en hann kom að vinstri beygju 50 metrum austar, hemlaði ökumaðurinn þannig að afturhjólbarði læstist og rann hjólið beint á gangstétt. Við það fór hjólið á hliðina og ökumaðurinn kastaðist út fyrir veg og niður í fjöru með þeim afleiðingum að hann lést.

Aðstæður

Veður og birta:

Bjart, lítill vindur og engin ofankoma.

Vegur:

Purrt yfirborð. Steyptur vegur. Hámarkshraði 50 km/klst.

Tími sólarhrings:

Dagur.

Ökutæki:

Yamaha FJ 1100 bifhjól

Rannsóknarnefnd samgönguslysa
Húsi Flugbjörgunarveitarinnar
Flugvallavegi
101 Reykjavík

Heimasíða:
www.rnsa.is

Tölvupóstfang:
rnu@rnu.is

Lýsing á slysi

Ökumaður bifhjóls ók austur Faxabraut á Akranesi um miðjan dag. Veður var gott, þurrt, bjart og norðaustan gola. Faxabraut liggur í austur frá höfninni og er nokkuð bein þar til rétt fyrir gatnamót við Jaðarsbraut en þá beygir hún til norðurs. Ökumaður bifhjóls tók fram úr fólksbifreið áður en hann kom að hraðatakmarkandi koddum í götunni og miðeyju. Samkvæmt vitnum virtist ökumaður bifhjólsins fipast við aksturinn þegar hann ók yfir hraðahindrunina, en náði að halda stjórn á hjólinu þar til hann kom að vinstri beygju sem er 50 metrum austan við hindrunina. Þegar bifhjólið kom að beygjunni hemlaði ökumaðurinn og afturhjóllbarði hjólsins læstist. Greina mátti 18 metra hemlaför á veginum sem enduðu við gangstéttarbrún. Greinileg ummerki sáust á afturhjóllbarða eftir hemlun en ekki voru greinanleg för um hemlun á framhjóllbarða. Framhjól bifhjólsins lenti á gangstéttarbrúninni og féll hjólið við það. Frá brúninni rann það 11 metra eftir gangstéttinni og rakst á grjótvarnargarð. Við áreksturinn breytti það um stefnu, rann aftur út á götuna og hafnaði aftan á bifreið sem ekið var austur Faxabraut. Ökumaðurinn kastaðist af því, sennilega þegar hjólið lenti á gangstéttinni, yfir grjótvarnargarð og niður í fjöru um 6 metrum fyrir neðan veginn.



Loftmynd af slystað.

Ökumaðurinn hlaut lífshættulega áverka í slysinu og lést á sjúkrahúsi að kvöldi slysdags. Hann var með hjálm og í hlífðarfatnaði.

Ökumaðurinn var staðkunnugur og hafði ekið þessa leið oft áður.

Bifhjólið var af gerðinni Yamaha FJ 1100, 227 kg og 125 hestöfl. Hjólið var síðast tekið til aðalskoðunar í júlí árið 2011 og því ekki með gilda skoðun þegar slysið átti sér stað. Bifhjólið var tekið til rannsóknar eftir slysið en ekki var hægt að rekja orsök slyssins til ástands bifhjólsins.

Gatan er með steypu yfirborði. Gerðar voru breytingar á götunni árið 2010, miðeyjur steypar og komið fyrir hraðatakmarkandi koddum vegna endurtekinnra hraðakstursbrota á þessum kafla. Fyrir framan hraðahindrunina er viðvörunarmerki og þrjár beygjuörvar í beygjunni. Hámarkshraði á Faxabraut er 50 km/klst. Hraðaútreikningar Rannsóknarnefndar

Samgönguslysa benda til að hjólinu hafi verið ekið á að minnsta kosti 71 km/klst. rétt fyrir slysið.



Myndin er tekin vestan við hraðahindrunina í akstursátt bifhjólsins. Bifhjólið fór út af 50 metrum austan við hraðahindrunina.

Áfengis- og lyfjamæling ökumannsins leiddi í ljós að hann var ekki undir áhrifum þegar slysið varð.

Orsakagreining

- Ógætilegur framúrakstur
- Of hraður akstur

Ábendingar

Of hraður akstur

Rannsóknarnefnd samgönguslysa (áður Rannsóknarnefnd umferðarslysa) hefur áður fjallað um hraðakstur og afleiðingar hans í skýrslum sínum. Of hraður akstur hefur verið ein af algengustu ástæðum banaslysa í umferðinni og ítrekar nefndin mikilvægi þess að ökumenn aki eigi hraðar en hámarkshraði og aðstæður leyfa.

Þjálfun ökumanna bifhjóla

Rannsóknarnefnd samgönguslysa bendir á mikilvægi þess fyrir ökumenn bifhjóla að þjálfast reglulega í viðbrögðum við hættulegum aðstæðum. Mikil hætta skapast ef ökumaður bifhjóls hemlar þannig að hjól læsast, þegar hjólin hætta að snúast missir ökumaður jafnvægið og hjólið fellur yfirleitt fljótlega á hliðina. Eins er mikilvægt fyrir ökumenn þessara ökutækja að þjálfast vel notkun á framhæmlum. Mun meiri hemlun næst með því að nota framhemilinn, en líkur eru á að ökumaðurinn í þessu slysi hafi ekki beitt framhemli. Þess ber þó að geta að mun hættulegra er að læsa framhjólbarða en þeim aftari, en regluleg þjálfun í að beita báðum hæmlum gerir ökumenn færari í að hemla örugglega án þess að hjólin læsist.



Skýrslan var samþykkt af:

Geirþrúður Alfreðsdóttir
Ásdís J. Rafnar
Brynjólfur Mogensen
Inga Hersteinsdóttir

Fyrir hönd Rannsóknarnefndar samgönguslysa

Sævar Helgi Lárusson
Stjórnandi rannsóknar

Reykjavík 23. janúar 2015
Rannsóknarnefnd samgönguslysa